



Íslenska Pílukastsambandið

Fundargerð	
Yfirskrift / Efni:	Aðalfundur ÍPS 2024
Staðsetning:	Húsnæði Eignarrekstrar – Krókhálsi 5a
Hvenær:	17.janúar - kl 19:00
Pátttakendur:	29 einstaklingar. Ýmist í persónu eða á Teams
Boðuð Forföll:	
Fjarverandi:	Sigurður Aðalsteinsson - Gjaldkeri
Fundarritari:	Magnús Gunnlaugsson

- Mættir voru:**

Magnús, Matthías, Viktoría, Brynja, Arna, Hólmar, Sævar, Halli Egils, Ásgrímur, Petrea, Vitor, Kristján, Pétur Rúðrik, Helena, Helgi Pjetur, Sjonni.

Á Teams voru einnig: Viðar, Atli Víðir, Halli Birgis, Karl Helgi, Björn Steinar, Guðmundur Friðbjörns, Aðalsteinn, Árni Ágúst, Árni Vigfús, Garðar, Hörður Þór, Sigurður Fannar og Steinunn Dagný.

- Nýr styrktaraðili**

Áður en fundur var formlega settur fór Helgi Pjetur með erindi sem snýr að því að samningar hafa náðst við Ölgerðina sem styrktaraðila ÍPS-Deildarinnar. Deildin fær nýtt nafn: Flóridana Deildin og mun samningurinn gilda til þriggja ára og fær ÍPS 1.2milljónir á ári.

- Fundur settur kl 19:15**

- Kosning fundarstjóra og ritara:

- Stjórn leggur til að Oddur Ragnar, starfmaður Eignarrekstrar, verði kosin fundarstjóri og er það samþykkt einróma
- Magnús býður sig fram sem fundar ritara og er það einnig samþykkt einróma.

- Skýrsla stjórnar:

- Matthías formaður les skýrslu stjórnar. Lesa má skýrsluna með því að smella [HÉR](#)

- Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga:

- Gjaldkeri er fjarverandi og fer Matthías yfir reikninga í hans stað. Ársreikning má finna [HÉR](#)



Íslenska Pílukastsambandið

4. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

- a. Helgi Pjetur spyr varðandi styrki frá NOVIS og þá útistandandi skuldar vegnar styrktar til ÍPS. Þær hafa verið afskrifaðar í ársreikningi.
- b. Ásgrímur Harðarson óskar eftir því að fjármunir félagsins verði settir á reikninga sem beri hærri vexti og auki þannig vaxtatekjur félagsins.
- c. Oddur fundarstjóri leggur orði í belg og á að binding til lengri tíma gæti skapað vandræði varðandi veltu
- d. Viðar gerði athugasemd varðandi tekjur félagsins vegna félagatals en reyndust þær á traustum grunni.
- e. Ásgrímur hvort að landsliðstreyjur sem eru eigu í ÍPS sé merktar landsliðstreyjum. Svo er ekki þar sem huga þarf að reglum erlendra móta.
- f. Ársreikningur samþykktur einróma með öllum greiddum atkvæðum.

5. Ákvörðun árgjalds:

- a. Stjórn leggur fram óbreytt árgjald – 4.000kr
- b. Ásgrímur leggur til lækkun um 1.000kr og að árgjaldið verði 3.000kr
- c. Guðmundur Friðbjörns leggur til hækkunar árgjalds um 1.000kr og að árgjaldið verði 5.000kr
- d. Fundarstjóri leggur til kosningar og um árgjald og féllu atkvæðin eftirfarandi:
 - i. 3.000kr – 1 atkvæðir
 - ii. 5.000kr – 15 atkvæði
 - iii. 4.000kr – 11 atkvæði
- e. Árgjald ÍPS árið 2025 verða því 5.000kr

6. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum:

- a. Stjórn lagði til ný lög ÍPS sem byggja á lögum sérsambanda innann ÍPS. Ný lög voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- b. Einnig voru kynntar uppfærðar Keppnis og mótareglur ÍPS



Íslenska Pílukastsambandið

- i. Halli Egils gerði athugasemd við grein 7.1 en Ritari skal tilkynna keppenda skor, í stað má, sé hann aðspurður. Fyrri málsgrein gaf tilkynna að ritari hefði val og var það hér með leiðrétt.
 - c. Ekki þurfti sérstaklega að samþykkja þessar reglur heldur er þetta stjórnar að ákveða en vildu kynna þetta sérstaklega á Aðalfundi.
7. Aðra tillögur sem borist höfði lagðar fram.
 - a. Ásgrímur dróg tillögu sína tilbaka þar sem hann taldi réttast að bera hana upp áður en Nýju lögin yrðu borin upp til samþykktar.
8. Kosningar Stjórnar.
 - a. Kosning til Formanns: Matthías gefur ekki kost á sér áfram. Hefur setið sem forseti/formaður í 4ár og vegna aðstæðna í Grindavík er kominn tími til þess að stíga til hliðar.
 - i. Ekkert framboð barst og er staðan því laus.
 - b. Kosning til Gjaldkera: Viktoría býður sig fram og er sjálfkjörin
 - c. Kosning til Ritara: Magnús gefur áfram kost á sér og er sjálfkjörin.
 - d. Eftir standa að ófylltar stöður til stjórnar eru: Formaður, Varaformaður og tveir með stjórnendum.
 - e. Eftir þetta sköpuðust langar og miklar umræður um stöðu félagsins. Rætt var um að kalla til formannafundar allra aðildarféлага og ræða næstu skref. Hvort ekki finnist gott fólk innan vébanda sambandsins sem er tilbúið að leggja hönd á plóg.
9. Önnur mál:
 - a. Ásgrímur lagði til að skoði hvort vert væri að ráða í stöðu framkvæmdarstjóra.

Þar sem ekki náðist að fylla í allar stjórnarstöður var ákveðið að fresta fundi og verður hann boðaður seinna.